

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR FJALLASKÁLA, NEMA SÆLUHÚS

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|---|--------------------------------|----------|
| 1.1 | Skilyrði þessi gilda um fjallaskála þar sem boðið er upp á gistingu gegn gjaldi. | 941/2002 7. gr. | |
| 1.2 | Fjallaskálar eru gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsettum utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, s.s. skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. | 941/2002 3.gr. | |
| 1.3 | Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. | 941/2002 3, 13 og 14 gr. | |
| 1.4 | Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði. | 941/2002 7.gr | |
| 1.5 | Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn. | 941/2002 14.gr | |

1 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|-------------------|----------|
| 2.1 | Húsnæði skal vera vel viðhaldið. | 941/2002 14.gr | |
| 2.2 | Ef rúmstæði eru í húsinu skulu þau vera eigi minni en 90x200 cm að stærð. | 941/2002 28.gr | |
| 2.3 | Gestir skulu hafa aðgang að viðunandi salerni og hreinlætisaðstöðu, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd. | 941/2002 28.gr | |
| 2.4 | Á svæðinu skal vera aðstaða til uppvotta. | 941/2002 gr 32 | |

2. HREINLÆTI OG ÞRIF

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|---|-------------------|----------|
| 2.3 | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að skriflegar reglur um umgengni og þrif séu á staðnum. Allsherjarhreingeringu skal gera eftir þörfum. | 941/2002 14.gr | |
| 2.4 | Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld. | 941/2002 14.gr | |
| 2.5 | Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem | Lög nr. | |

| | | |
|--------|--------|--|
| við á. | 6/2002 | |
|--------|--------|--|

4 UMHVERFISMÁL


| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|---------------------------------|----------|
| 4.1 | Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. | 941/2002 14. gr og 18.gr. | |
| 4.2 | Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva. | 737/2003 11. gr | |
| 4.3 | Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á. | 798/2002 | |

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 26.07.2017



Kristín Linda Árnadóttir